


**Deloitte.**



Fjármálastjórakönnun  
Deloitte


Vor 2024

## Formáli

Fjármálastjórakönnun Deloitte er nú gerð einu sinni á ári og er tilgangur hennar að sýna mat fjármálastjóra á stöðu fyrirtækja og efnahagsumhverfi. Þetta er í tuttugasta sinn sem könnunin er framkvæmd hér á landi og hún er nú í tólfta skipti unnin í samstarfi við önnur aðildarfélög Deloitte í Evrópu. Niðurstöður endurspeglar því skoðanir fjármálastjóra á Íslandi í samanburði við fjármálastjóra í 12 öðrum löndum í Evrópu, þar sem við á. Meðaltal niðurstaðna í Evrópu er vegið eftir landsframleiðslu hvers lands.

Rafrænn spurningalisti var sendur til fjármálastjóra 300 stærstu fyrirtækja landsins í apríl síðastliðnum og viljum við þakka þeim sem tóku þátt kærlega fyrir.

Smelltu á myndirnar til þess að fara á milli kafla í skýrslunni



Þátttakendur




Samantekt



Niðurstöður



Tengiliður





# Pátttakendur



Pátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliður



Pátttakendur

## Um 1.300 fjármálastjórar í 13 löndum

Könnunin er unnin í samstarfi við önnur aðildarfélög Deloitte í Evrópu. Niðurstöður endurspeglar þannig viðhorf 1.333 fjármálastjóra í 13 löndum þar sem við á. Meðaltal niðurstaðna í Evrópu er vegið eftir landsframléiðslu hvers lands.

Landfræðileg útbreiðsla		
 Austurríki	 Ísland	 Sviss
 Bretland	 Ítalía	 Svíþjóð
 Danmörk	 Noregur	 Þýskaland
 Holland	 Portúgal	
 Írland	 Spánn	

Tímabil könnunar

<b>5. – 18. apríl 2024</b>
Fjöldi fjármálastjóra

<b>1.333</b>



Pátttakendur



Samantekt



Niðurstöður




Tengiliður




Pátttakendur

# Mengi pátttakenda á Íslandi

## Undir hvaða atvinnugrein fellur þitt fyrirtæki?




## Hvaða flokkur lýsir best eignarhaldi fyrirtækis þíns?



\*Að fjölskyldufyrirtækjum undanskildum

## Hver var velta fyrirtækis þíns á síðasta ári?



Pátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliður





# Samantekt



Páttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliður



## Samantekt

# Íslenskir fjármálastjórar mælast mun neikvæðari gagnvart þróun tekna, EBITDA og fjárfestinga á næstu 12 mánuðum nú en síðasta vor

## Væntingar til reksturs

- Nettó viðhorf fjármálastjóra í Evrópu gagnvart þróun tekna, fjárfestinga og ráðninga nýrra starfsmanna á næstu 12 mánuðum mældist jákvætt, en lækkaði þó örlítið á milli ára. Nettó viðhorf gagnvart þróun EBITDA á næstu 12 mánuðum stendur í stað og er áfram jákvætt þó að breyting sé á milli landa. Bjartsýni hefur dregist saman í þremur af fjórum ofangreindum lykilstærðum frá því síðasta vor.
- Íslenskir fjármálastjórar eru undir meðaltali Evrópuþjóða í jákvæðni gagnvart þróun tekna, fjárfestinga og ráðninga en mælast yfir meðaltali gagnvart þróun EBITDA á næstu 12 mánuðum. Mikil breyting er á jákvæðni íslenskra fjármálastjóra á milli ára þar sem nettó viðhorfið lækkar úr 68% í 31% gagnvart þróun tekna, úr 36% í 18% í þróun EBITDA, úr 30% í 0% í þróun fjárfestinga og úr 44% í 5% í þróun ráðninga.

## Markaðir og efnahagur

- Helmingur fjármálastjóra á Íslandi (50%) telur að hagvöxtur muni aukast á næstu tveimur árum. Hlutfallið hefur hækkað um 11 prósentustig frá því síðasta vor.
- Um 55% fjármálastjóra hér á landi telja að gengi íslensku krónunnar muni haldast óbreytt á næstu sex mánuðum.
- Um 49% íslenskra fjármálastjóra telja að hlutabréfaverð muni hækka á innlendum markaði á næstu sex mánuðum samanborið við um 42% síðasta vor.

## Óvissa og áhætta

- Fjárhagsleg og efnahagsleg óvissa er að mælast minni en síðasta vor en um 33% fjármálastjóra á Íslandi telja sig standa frammi fyrir mikilli óvissu, samanborið við 38% síðastliðið vor. Meðaltal fjármálastjóra í Evrópu sem telja fjárhagslega og efnahagslega óvissu vera mikla lækkar úr 68% síðasta vor niður í 47%. Um 55% fjármálastjóra á Íslandi telja að fjárhagsleg og efnahagsleg óvissa sé eðlileg.
- Um 21% fjármálastjóra á Íslandi telja að fjárhagslegar horfur hafi batnað á síðustu þremur mánuðum í samanburði við 36% fjármálastjóra í Evrópu.
- Vaxtastig var nefnt sem stærsti áhættuþátturinn í rekstri íslenskra fyrirtækja annað árið í röð, en svarhlutfallið jókst um 5% á milli ára. Verðbólga mælist nú næststærsti áhættuþátturinn en efnahagsleg þróun þriðji stærsti.

## Stýrivextir og verðbólga

- 98% íslenskra fjármálastjóra telja stýrivexti Seðlabankans of háa og stefnir meirihluti (41%) íslenskra fyrirtækja á að draga nokkuð úr skuldsetningu sem er töluverð aukning samanborið við niðurstöður könnunarinnar síðastliðið vor (19%). Á móti hefur hlutfall þeirra fjármálastjóra sem vilja halda skuldsetningu óbreyttri lækkað úr 66% niður í 40% á milli ára.
- Að meðaltali búast íslenskir fjármálastjórar við að verðbólga á Íslandi verði hátt yfir verðbólgu markmiði Seðlabanka Íslands eða að meðaltali 5,9% á næstu 12 mánuðum. Íslenskir fjármálastjórar vænta þess að hún verði 3% á Evrusvæðinu.



Þátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliður



# Niðurstöður



Væntingar til reksturs næstu 12 mánaða



Áhætta og óvissa



Horfur og áherslur



Fjármögnun fyrirtækja



Markaðs- og efnahagslegir vísar



Verðbólga



Pátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliður







Væntingar til reksturs næstu 12 mánaða

## 28% fjármálastjóra telja að tekjur muni dragast saman á næstu 12 mánuðum

Hvernig telur þú að tekjur í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?



- Nettó viðhorf gagnvart þróun tekna á næstu 12 mánuðum mældist jákvæð meðal íslenskra fjármálastjóra og er jákvætt um 31%, samanborið við 40% meðal fjármálastjóra í Evrópu. Nettó viðhorf íslenskra fjármálastjóra lækkaði um 37 prósentustig frá síðastliðnu vori og lækkaði um 4 prósentustig meðal fjármálastjóra í Evrópu.
- Nettó viðhorf er jákvætt í öllum löndum sem tóku þátt í könnuninni í vor, sem eru sömu niðurstöður og síðasta vor. Fjármálastjórar á Spáni mælast hlutfallslega flestir bjartsýnir gagnvart þróun tekna á næstu 12 mánuðum (71%). Fjármálastjórar fyrirtækja á Írlandi (61%), Noregi (55%) og Portúgal (52%) mælast einnig bjartsýnir.
- Á Íslandi var nettó viðhorf meðal fjármálastjóra í verslun og þjónustu jákvætt (46%), hlutlaust viðhorf var í sjávarútvegi (0%) og neikvætt viðhorf var í byggingariðnaði (-22%).





Væntingar til reksturs næstu 12 mánaða

# Nettó viðhorf íslenskra fjármálastjóra gagnvart þróun EBITDA er jákvætt um 18%, samanborið við um 10% að meðaltali hjá fjármálastjórum í Evrópu

Hvernig telur þú að EBITDA í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?



- Nettó viðhorf íslenskra fjármálastjóra gagnvart þróun EBITDA á næstu 12 mánuðum er jákvætt um 18% sem er lækkun um 18 prósentustig frá síðastliðnu vori þegar nettó viðhorf mældist jákvætt um 36%. Nettó viðhorf í Evrópu hefur haldist eins frá því síðasta vor, eða jákvætt um 10%. Fjármálastjórar á Spáni og í Danmörku mælast jákvæðastir gagnvart þróun EBITDA en nettó viðhorf fjármálastjóra á Spáni er 44% og 42% í Danmörku.
- Nettó viðhorf var jákvætt í 10 löndum af 13. Tvö lönd, Þýskaland og Noregur, höfðu nettó neikvætt viðhorf, Þýskaland -1% og Noregur -9%. Í Austurríki mældist nettó viðhorf hlutlaust (0%). Í mælingu okkar síðastliðið vor voru tvö lönd af 15, Þýskaland og Noregur, sem mældust með neikvætt nettó viðhorf gagnvart þróun EBITDA á næstu 12 mánuðum og má því segja að ekki miklar breytingar hafi orðið á milli kannana.
- Nettó viðhorf mældist jákvætt (+40%) hjá fjármálastjórum í verslun og þjónustu, neikvætt (-10%) í sjávarútvegi og neikvætt (-11%) í byggingariðnaði.





Væntingar til reksturs næstu 12 mánaða

# Nettó viðhorf gagnvart þróun fjárfestinga á næstu 12 mánuðum lækkaði um 30% á milli ára hjá íslenskum fjármálastjórum og er nú neikvæðara en á meðal fjármálastjóra í Evrópu

Hvernig telur þú að fjárfestingar í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?



- Nettó viðhorf gagnvart þróun fjárfestinga á næstu 12 mánuðum er hlutlaust (0%) meðal íslenskra fjármálastjóra og jákvætt um 10% að meðaltali í Evrópu. Það eru því jafnmargir íslenskir fjármálastjórar sem telja að fjárfestingar muni aukast og sem telja að þær dragist saman á næstu 12 mánuðum. Jákvæðni gagnvart þróun fjárfestinga hefur dregist saman á milli ára meðal evrópskra fjármálastjóra en nettó viðhorf er þó jákvætt meðal fjármálastjóra í 10 löndum af þeim 13 löndum sem könnunin nær til. Nettó viðhorf íslenskra fjármálastjóra lækkaði um 30 prósentustig frá síðastliðnu vori á meðan nettó viðhorf fjármálastjóra í Evrópu, sem var jákvætt um 13%, hefur á sama tíma lækkað um 3 prósentustig.
- Fjármálastjórar fyrirtækja í Portúgal eru bjartsýnastir gagnvart þróun fjárfestinga á næstu 12 mánuðum en um helmingur (43%) telur að fjárfestingar muni aukast. Fjármálastjórar á Íslandi og í Bretlandi eru svartsýnastir þar sem um þriðjungur (32%) telur að fjárfestingar muni dragast saman á næstu 12 mánuðum.
- Tæplega helmingur íslenskra fjármálastjóra fyrirtækja í sjávarútvegi (50%) og byggingariðnaði (44%) sjá fram á að auka fjárfestingar lítillega eða verulega á næstu 12 mánuðum en minnihluti fjármálastjóra félaga í verslun og þjónustu (33%).





Væntingar til reksturs næstu 12 mánaða

# Nettó viðhorf til ráðninga nýrra starfsmanna mælist mun neikvæðara en áður á meðal fjármálastjóra á Íslandi og er nú neikvæðara hérlandis en meðal þátttakenda í Evrópu

Hvernig telur þú að starfsmannafjöldi í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?



- Nettó viðhorf íslenskra fjármálastjóra til ráðninga nýrra starfsmanna á næstu 12 mánuðum er jákvætt um 5%, það er fleiri fjármálastjórar telja að starfsmannafjöldi muni aukast frekar en að hann dragist saman á næstu 12 mánuðum. Nettó viðhorf íslenskra fjármálastjóra til starfsmannafjölda hefur lækkað um 38 prósentustig frá því síðasta vor. Ísland er í áttunda sæti af þeim 13 löndum sem tóku þátt í Evrópu.
- Viðhorf gagnvart ráðningum nýrra starfsmanna á næstu 12 mánuðum er jákvætt í níu af þeim 13 löndum sem tóku þátt í könnuninni en bjartsýni jókst í einungis þremur löndum, Spáni, Ítalíu og Noregi. Nettó bjartsýni jókst mest frá síðustu könnun meðal fjármálastjóra á Spáni (+11 prósentustig) en lækkaði mest á Íslandi (-39 prósentustig).
- Um 40% íslenskra fjármálastjóra fyrirtækja í verslunar- og þjónusturekstri eru bjartsýnir á ráðningar nýrra starfsmanna á næstu 12 mánuðum á meðan 20% eru neikvæðir. Mikil lækkun er á bjartsýni íslenskra fjármálastjóra á sjávarútvegi en 0% þeirra eru bjartsýnir á að þeir muni bæta við sig starfsfólki á næstu 12 mánuðum samanborið við 55% í síðustu könnun.




Áhætta og óvissa


# Um 31% fjármálastjóra í Evrópu telja að nú sé góður tími til að auka áhættu í efnahagsreikningi sínum samanborið við 7% íslenskra fjármálastjóra

- Einungis 7% íslenskra fjármálastjóra telja að nú sé góður tími til að auka áhættu í efnahagsreikningi en það er lækkun um 1 prósentustig frá síðasta vori. Nettó áhættuvilji íslenskra fjármálastjóra er neikvæður um 86% og nettó áhættuvilji evrópskra fjármálastjóra neikvæður um 38%.
- Áhættuvilji er hlutfallslega mestur meðal fjármálastjóra á Ítalíu og Danmörku, en um 41% fjármálastjóra í Danmörku telja að nú sé góður tími til þess að auka áhættu og um 42% á Ítalíu. Áhættuvilji er lægstur hjá fjármálastjórum á Íslandi þar sem yfir 93% fjármálastjóra telja að nú sé ekki góður tími til að auka áhættu í efnahagsreikningi og næstlægstur áhættuvilji er í Noregi og Bretlandi (80%). Nettó viðhorf gagnvart áhættuvilja er neikvætt í öllum þeim níu löndum þar sem spurningin var lögð fyrir.
- Um 33% fjármálastjóra á Íslandi telja fjárhagslega og efnahagslega óvissu vera mikla, sem er lækkun frá því síðastliðið vor þegar hlutfallið var 38%. Í Evrópu meta 47% fjármálastjóra óvissuna mikla sem er lækkun um 18 prósentustig frá síðustu könnun. Um 55% fjármálastjóra á Íslandi telja að fjárhagsleg og efnahagsleg óvissa sé eðlileg.

Telur þú að nú sé góður tími til að auka áhættu í efnahagsreikningi fyrirtækis þíns?



Hvernig metur þú fjárhagslega og efnahagslega óvissu sem fyrirtæki þitt stendur frammi fyrir?



Þátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliður



Áhætta og óvissa

# Fjármálastjórar á Íslandi telja vaxtastig stærsta ytri áhættuþáttinn í rekstri íslenskra fyrirtækja

## Hvaða ytri áhættuþættir hafa helst áhrif á rekstur þíns fyrirtækis í dag? (Merkja mátti við fleiri en einn valkost)

- Litlar breytingar hafa orðið frá síðustu könnun og meta fjármálastjórar íslenskra fyrirtækja enn vaxtastig sem stærsta ytri áhættuþáttinn í þeirra rekstri. Á árum áður hafði gengisþróun íslensku krónunnar alltaf verið nefnd sem stærsti ytri áhættuþátturinn. Verðbólga mælist næststærsti ytri áhættuþátturinn en efnahagslegar horfur mælist þriðji stærsti áhættuþátturinn ólíkt árinu áður. Hlutfall íslenskra fjármálastjóra sem nefna vaxtastig sem helsta áhættuþátt hefur aukist um 5 prósentustig frá því síðasta vor. En á móti hefur hlutfall þeirra sem nefna verðbólgu lækkað frá síðasta vori, eða um 4 prósentustig.
- Aðrir stórir áhættuþættir sem nefndir eru í könnuninni eru gengisþróun íslensku krónunnar og efnahagsástand helstu viðskiptalanda. Textaskýringar þeirra sem völdu valmöguleikann „annað“ nefndu kvótaúthlutun og afleiðingar náttúruhamfara.

	Vor24	Vor23	Haust22	Vor22	Haust21	Vor21	Haust20
Vaxtastig	1	1	2	5	3	3	3
Verðbólga	2	2	1	3			5
Efnahagslegar horfur	3	4	4	2	2	2	
Gengisþróun íslensku krónunnar	4	3	3	1	1	1	1
Efnahagsástand helstu viðskiptalanda	5-6	5-6	5	4		5	4
Skortur á hæfu starfsfólki	5-6	5-6					
Möguleg óvissa tengd stjórnámálum					4	4	
Þróun einkaneyslu					5		2
Skortur á fjármagni							
Áhætta tengd netarásum							
Loftslagsbreytingar*							
Annað							

Vor24	Vor23	% Breyting
76%	71%	+5%
66%	70%	-4%
55%	61%	-6%
53%	42%	+11%
28%	34%	-6%
28%	34%	-6%
22%	24%	-2%
24%	20%	+4%
10%	9%	+1%
5%	4%	+1%
5%	3%	+2%
3%	3%	0%

1 mikil áhersla – 5 lítil áhersla





Horfur og áherslur

## Um 36% fjármálastjóra í Evrópu telja að fjárhagslegar horfur hafi breyst til hins betra á síðustu þremur mánuðum, samanborið við um 21% íslenskra fjármálastjóra

Telur þú fjárhagslegar horfur þíns fyrirtækis hafa breyst á síðustu þremur mánuðum?

- Um 21% íslenskra fjármálastjóra telja að fjárhagslegar horfur hafi breyst til hins betra á síðustu þremur mánuðum, sem er hækkun um 1 prósentustig frá síðastliðnu vori. Hlutfall þeirra sem telja að fjárhagslegar horfur hafi versnað eru 16% en 64% telja að horfurnar séu svipaðar og fyrir þremur mánuðum.
- Nettó viðhorf fjármálastjóra í Evrópu mældist jákvætt um 16%, sem þýðir að fleiri fjármálastjórar telja að fjárhagslegar horfur hafi batnað frekar en versnað en það er mikil áframhaldandi hækkun frá því síðasta vor þegar nettó viðhorf var jákvætt um 8%. Nettó viðhorf mældist jákvætt um 5% meðal íslenskra fjármálastjóra. Nettó viðhorf mældist jákvætt í 12 löndum og hlutlaust í einu landi sem er töluverð breyting frá síðustu könnun þar sem 10 lönd mældust með jákvætt nettó viðhorf á meðan fimm lönd mældust með neikvætt nettó viðhorf.
- Um 23% íslenskra fjármálastjóra í verslun og þjónustu telja að fjárhagslegar horfur hafi versnað á síðustu þremur mánuðum, en um 15% telja að fjárhagslegar horfur hafi batnað. Um 30% fyrirtækja í sjávarútvegi telja að fjárhagslegar horfur hafa batnað samanborið við 17% síðasta vor. Rúmlega helmingur (56%) fjármálastjóra í byggingariðnaði telur að fjárhagslegar horfur séu svipaðar, um 22% telja þær hafa batnað og 22% telja að þær hafi versnað.



Horfur og áherslur

## Hagræðing í kostnaði áfram stærsti áherslupáttur að mati íslenskra fjármálastjóra

### Hvað af eftirfarandi verður lögð áhersla á innan þíns fyrirtækis á næstu 12 mánuðum? (Merkja mátti við fleiri en einn valkost)

- Litlar breytingar hafa orðið á áherslupáttum íslenskra fjármálastjóra frá því síðasta vor en hagræðing í rekstrarkostnaði mælist áfram stærsti áherslupátturinn og bætir við sig 8% í svarhlutfalli. Þá mælast stafrænar lausnir áfram sem næststærsti áherslupátturinn en lækkar þó um 5% á milli ára. Stækkun fyrirtækis með innri vexti og vöxtur á núverandi markaði mælast jafnt með 41% svarhlutfall. Þróun mannauðs er fimmti áherslupátturinn samanborið við fjórða árinu áður.
- Í Evrópu var áhersla á hagræðingu í rekstrarkostnaði meðal fimm stærstu áherslupátta í öllum þeim 11 löndum þar sem spurningin var lögð fyrir, fyrir utan Spán. Hagræðing í rekstrarkostnaði er stærsti áherslupátturinn í fimm af þessum 11 löndum. Í fjórum löndum er áhersla á stafrænar lausnir meðal fimm stærstu áherslupátta, þar af stærsti áherslupátturinn í tveimur löndum.

	Vor24	Vor23	Haust22	Vor22	Haust21	Vor21	Haust20
Hagræðing í rekstrarkostnaði	1	1	2-4	1	1	1	1
Stafrænar lausnir	2	2	1	2	4	2	2
Stækka fyrirtækið með innri vexti	3-4	3	2-4	3-4	3	4	4
Þróun mannauðs	5	4	5		5		
Vöxt á núverandi markaði	3-4	5	2-4	3-4	2	3	3
Kynna nýja vörur/þjónustu			5				
Auka fjárfestingar			5				
Minnka skuldsetningu							
Stækka fyrirtækið með ytri vexti							
Auka sjóðstreymi						5	5
Fara inn á nýja markaði							
Auka arðgreiðslur eða kaupa eigin bréf							
Sala eigna							
Ekkert af ofangreindu							

Vor24	Vor23	% Breyting
66%	58%	+8%
50%	55%	-5%
41%	45%	-4%
29%	43%	-14%
41%	42%	-1%
22%	26%	-4%
22%	25%	-3%
24%	21%	+3%
12%	18%	+6%
19%	14%	5%
10%	12%	-2%
3%	8%	-5%
7%	1%	+6%
0%	3%	-3%

1 mikil áhersla – 5 lítil áhersla






Fjármögnun fyrirtækja

# Innri fjármögnun talin hagkvæmasti kostur fjármögnunar hjá fjármálastjórum á Íslandi og í Evrópu


## Hvernig metur þú lántöku hjá bönkum, útgáfu skuldabréfa, útgáfu hlutfjár og innri fjármögnun sem fjármögnunarkosti við fjármögnun þíns fyrirtækis?

- Um 79% íslenskra fjármálastjóra telja lántöku hjá bönkum óhagkvæma, sem er áframhaldandi vöxtur frá fyrra ári þegar 66% töldu hana óhagkvæma. Í Evrópu telja 40% fjármálastjóra lántöku hjá bönkum hagkvæma en það er hækkun um 1 prósentustig frá síðasta vori.
- Innri fjármögnun hefur verið álitin hagkvæmasta fjármögnunarleiðin af fjármálastjórum hérlandis frá því að fyrst var spurt um hagkvæmni þessara fjögurra fjármögnunarleiða vorið 2018, en um 68% íslenskra fjármálastjóra telja nú innri fjármögnun vera hagkvæman fjármögnunarkost. Útgáfa hlutfjár er álitin næsthagkvæmasta fjármögnunarleiðin og munar 46 prósentustigum á milli þessara tveggja kosta.
- Um 24% íslenskra fjármálastjóra telja útgáfu hlutfjár vera óhagkvæma í samanburði við 33% fjármálastjóra í Evrópu.


### Lántaka hjá bönkum




### Útgáfa skuldabréfa



### Útgáfa hlutfjár



### Innri fjármögnun



■ Hagkvæm ■ Hvorki né ■ Óhagkvæm



Pátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliður




Fjármögnun fyrirtækja


# Hlutfall fjármálastjóra sem telur stýrivexti Seðlabanka Íslands of háa fer hækkandi, í takt við þróun vaxtastigs

- Viðhorf íslenskra fjármálastjóra til stýrivaxta Seðlabankans helst nokkurn veginn í hendur við þróun vaxtastigs. Sögulega hefur stór meirihluti fjármálastjóra á Íslandi talið stýrivexti Seðlabankans of háa en hlutfallið fór hratt lækkandi í kjölfar stýrivaxtalækkana á tímabilinu haust 2019 til vor 2021. Á tímabilinu haust 2021 til vor 2024 hafa vextir hækkað og hefur hlutfall fjármálastjóra sem telur stýrivexti of háa hækkað samhliða því, einungis hefur orðið 2% lækkun á milli ára.
- Hlutfall fjármálastjóra sem telur stýrivexti of háa hefur lækkað um 2 prósentustig frá síðasta vori, úr 100% í 98% þrátt fyrir hækkandi stýrivexti. Þegar könnunin var send út í vor námu stýrivextir 9,25%.
- Meirihluti (41%) íslenskra fyrirtækja stefnir á að draga nokkuð úr skuldsetningu sem er tölverð aukning frá síðasta vori (19%). Á móti má sjá að hlutfall þeirra fjármálastjóra sem vilja halda skuldsetningu óbreyttri hefur lækkað úr 66% niður í 40% á milli ára.


## Hvert er markmið þitt þegar kemur að skuldsetningu þíns fyrirtækis á næstu 12 mánuðum?



## Hlutfall fjármálastjóra sem telja stýrivexti Seðlabanka Íslands of háa



## Sögulegt hlutfall fjármálastjóra með markmið um að auka skuldsetningu



- Þátttakendur
- Samantekt
- Niðurstöður

Tengiliður




Markaðs- og efnahagslegir vísar


# Íslenskir fjármálastjórar búast við 5,9% verðbólgu að meðaltali á næstu 12 mánuðum á Íslandi en vænta þess að verðbólga verði um 3% á Evrusvæðinu

- Um 49% íslenskra fjármálastjóra telja að hlutabréfaverð muni hækka nokkuð eða hækka verulega á innlendum markaði á næstu sex mánuðum samanborið við um 42% síðasta vor.
- Um 50% íslenskra fjármálastjóra búast við auknum hagvexti á næstu tveimur árum. Hlutfallið hefur hækkað um 11 prósentustig frá því síðastliðið vor.
- Um 30% íslenskra fjármálastjóra telja að gengi krónunnar muni styrkjast á næstu sex mánuðum og um 55% telja að það muni haldast óbreytt.
- Að meðaltali búast íslenskir fjármálastjórar við að verðbólga á Íslandi verði talsvert yfir verðbólgu marki Seðlabanka Íslands eða 5,9% á næstu 12 mánuðum. Íslenskir fjármálastjórar telja að verðbólga á Evrusvæðinu á næstu 12 mánuðum verði um 3%.


## Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að muni eiga við um OMX10 vísitöluna eftir sex mánuði?



## Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að muni eiga við um gengi íslensku krónunnar á næstu sex mánuðum?



## Hlutfall fjármálastjóra sem telur að hagvöxtur á Íslandi muni aukast á næstu tveimur árum



- Pátttakendur
- Samantekt
- Niðurstöður
- Tengiliður




Markaðs- og efnahagslegir vísar


## Hlutfall íslenskra fjármálastjóra sem fundið hefur fyrir auknum áhuga erlendra fjárfesta á fjárfestingum hérlendis hefur dregist lítillega saman frá síðasta vori

- Meirihluti fjármálastjóra hérlendis hefur engar fyrirætlanir um erlendar fjárfestingar eða lántökur á næstu 12 mánuðum (91%) en hlutfallið hefur lítið breyst frá síðasta vori þegar það var 92%.
- Minnihluti (10%) íslenskra fjármálastjóra hefur fundið fyrir auknum áhuga erlendra fjárfesta á fjárfestingum hérlendis undanfarna sex mánuði samanborið við 11% síðastliðið vor. Hlutfallið hefur hins vegar lækkað frá hausti 2022 þegar það var 25%.

### Hefur fyrirtækið þitt uppi áætlanir um nýjar fjárfestingar erlendis eða lántöku frá erlendum aðilum á næstu 12 mánuðum?



### Hefur fyrirtækið þitt fundið fyrir auknum áhuga erlendra fjárfesta á fjárfestingum hérlendis undanfarna sex mánuði?



Pátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliður



# Tengiliður

A network diagram with several blue and green circular nodes connected by solid and dashed lines. The word 'Tengiliður' is overlaid on the diagram.

Páttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliður



Tengiliður

# Fyrir nánari upplýsingar



**Ábyrgðaraðili:**

Sunna Dóra Einarsdóttir  
Meðeigandi

Sími: 695 4039

[sunna.dora.einarsdottir@deloitte.is](mailto:sunna.dora.einarsdottir@deloitte.is)



Pátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliður



Deloitte ehf. og Deloitte Legal ehf. eru hlutdeildarfélag Deloitte NSE LLP sem er aðildarfélag Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“). DTTL (einnig vísað til sem „Deloitte á alþjóðavísu“) og hvert aðildarfélag þess eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir lögaðilar, sem geta hvorki skyldað eða skuldbundið hvort annað gagnvart þriðja aðila. DTTL og hvert DTTL aðildarfélag og tengd félög eru aðeins ábyrg fyrir eigin athöfnum og aðgerðaleyzi, en ekki hvors annars. DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. Fyrir frekari upplýsingar; [www.deloitte.com/about](http://www.deloitte.com/about).

Deloitte er leiðandi þjónustuveitandi á sviði endurskoðunar og reikningsskila, upplýsingatækniráðgjafar, fjármálaráðgjafar, áhætturáðgjafar, skatta- og lögfræðiráðgjafar og tengdrar þjónustu. Alþjóðlegt net aðildarfélaga okkar og tengdra félaga spannar meira en 150 lönd og landsvæði (sameiginlega vísað til sem „félög Deloitte“). Hjá Deloitte starfa um 457.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.

Þessar upplýsingar eru almenns eðlis og eru Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“), alþjóðlegt net aðildarfélaga þess og tengd félög þeirra (sameiginlega vísað til sem „félög Deloitte“) ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu við veitingu þeirra. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða grípur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti.

Engar yfirlýsingar, ábyrgðir eða skuldbindingar (sem lýst er yfir eða gefnar eru í skyn) eru gefnar um hversu nákvæmar eða fullnægjandi upplýsingarnar sem veittar eru í þessum samskiptum eru, og DTTL, aðildarfélag þess, tengd félög, starfsfólk eða aðrir fulltrúar skulu ekki vera gerð ábyrg fyrir hverskyns tjóni sem kann að verða beint eða óbeint hjá þeim sem reiðir sig á þessar upplýsingar. DTTL, hvert aðildarfélag þess, og tengd félög, eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir aðilar.